

Fundargerð.

Stjórnarfundur nr. 76.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn mánudaginn 25. apríl kl 15:00 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar. Á fundinum voru Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Jón Sigurðsson og Ólöf Jósefsdóttir. Einnig sat fundinn Fannar J Viggósson og Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu.

Dagskrá

- 1. Fundargerð**
- 2. Vélaskemma - verkstaða - kostnaður**
- 3. Framkvæmdir 2016**
- 4. Ársreikningur 2015**
- 5. Grænt bókhald**
- 6. Ákvörðun um aðalfund**
- 7. Önnur mál.**

1. Fundargerð

Fundargerð frá 7. mars 2016 nr. 75 samþykkt formlega og undirrituð.

2. Vélaskemma - verkstaða - kostnaður.

Fannar gerði grein fyrir stöðu verksins og framgangi þess síðustu vikur. Flest er að verða klárt og ekki útlit fyrir annað en að verktaki skili af sér verkinu 1. júní eins og samið var um. Magnús lagði fram drög að uppgjöri samkvæmt bókhaldi en heildarkostnaður við skemmuna er nú kominn í rúmar 63 milljónir króna sem er samkvæmt áætlun.

3. Framkvæmdir 2016

Gunnar Svavarsson fór yfir ýmislegt sem snýr að fyrirhugaðri stækkun á urðunarhólfinu en núverandi hólf fyllist í haust og þarf því nýja hólfid að vera tilbúið á sama tíma. Gunnar lagði meðal annars fram spá um úrgangslausn fram til ársins 2038 en gert er ráð fyrir að sorpmagnið verði í hámarki árin 2018 til 2020 en fari minnkandi eftir það vegna meiri endurvinnslu.

Ekki er búið að fullvinna gögnin en á núverandi tímamarki er áætlaður framkvæmdarkostnaður við stækkun urðunarhólfsins ásamt borunum við gassöfnun og brennsla um 305 milljónir. Ákveðið var að kanna áhuga annarra aðila á að koma að gassöfnuninni eins og t.d. Norðurorku sem þegar eru í gassöfnun.

Ákveðið að fela Gunnari að fullgera gögn um stækkun urðunarhólfsins ásamt kostnaðaráætlun þannig að hægt verði að bjóða verkið út um mánaðarmótin maí/júní þegar eigendur hafa samþykkt framkvæmdina og fjármögnun á henni.

4. Ársreikningur 2015

Lagður fram ársreikningur fyrir byggðarsamlagið Norðurá bs. Hagnaður var á rekstri félagsins á árinu 2015 að fjárhæð 68,4 milljónir kr. samkvæmt rekstarreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 192,1 milljón kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Rætt var um að gera skýrari grein fyrir vöktunarsjóði félagsins í ársreikningi en hann þarf að liggja fyrir þegar starfstíma í Stekkjarvík líkur.

Ársreikningur 2015 samþykktur samhljóða og ákveðið að vísa honum til Aðalfundar byggðasamlagsins.

5. Grænt bókhald

Lagt fram Grænt bókhald fyrir Norðurá vegna rekstrarársins 2015 en hluti af því er minnisblað um frum niðurstöður gasmælinga. Engar athugasemdir voru gerðar og bókhaldið því undirritað. Endurskoðandi þarf einnig að undirrita græna bókhaldið áður en það verður sent Umhverfisstofnun samkvæmt lögum.

6. Ákvörðun um aðalfund

Samþykkt að halda Aðalfund byggðasamlagsins 18. maí klukkan 15:00 í Miðgarði.

7. Önnur mál

- Magnús gerði grein fyrir að samið hefði verið við Valdimar Viggósson um viðhald og uppfærslu á heimasíðu félagsins.
- Að fundi loknum var farið í Stekkjarvík og Vélaskemman sem er í byggingu skoðuð. Ákveðið að halda formlega vísluathöfn með eigendum þegar vélarskemman verður fullkláruð.

Fundi slitið kl. 17:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Jón Sigurðsson

Ólöf Jósepsdóttir